

að sömu ástæður og standa því í vegi, að stefnandi fái jörðina Kárastaði keypta, mæla því á móti, að hann fái hana byggða erfðaleigu, og verður því þeirri kröfu hans einnig hafnað.

Stefnandi fékk byggingarbréf fyrir jörðinni frá fardögum 1956. Lögin um friðun Þingvalla höfðu þá verið í gildi um árabíl. Rétt þykir að líta svo á, að stefnandi hafi fengið byggingarbréf fyrir jörðinni með takmörkunum, sem af þeim lögum leiðir, og þá einnig þeim takmörkunum, sem ofangreind niðurstaða hefur í för með sér. 3. gr. laga nr. 59/1928 kemur því ekki hér til álita.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að stefndu skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dómaranum er kunnugt um, að Alþingi hefur samþykkt ný jarðalög og ný ábúðarlög, en þau hafa ekki enn tekið gildi.

Hrafn Bragason, settur dómari máls þessa, kvað upp þennan dóm.

#### Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og Þingvallanefnd f. h. Alþingis, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Guðbjörns Einarssonar.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 20. október 1978.

Nr. 196/1976. Sölustofunu lagmetisiðnaðarins

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**Hafskip h/f og**

(Valgarð Briem hrl.)

**Landsbanka Íslands**

(Stefán Pétursson hrl.).

Farmflutningar. Farmskírteini.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst þess aðallega, að stefndi Hafskip h/f verði dæmdur til að greiða sér 11.450 bandaríkjadollara eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum ásamt 9% ársvöxtum frá 5. maí 1974 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, ef stefndi Hafskip h/f verði sýknaður, að stefndi Landsbanki Íslands verði dæmdur til að greiða sér framangreindar fjárhæðir.

Stefndi Hafskip h/f krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefst þessi stefndi, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða áfrýjanda 437.578 krónur og að málskostnaður falli niður.

Stefndi Landsbanki Íslands krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Hafskip h/f gaf út 28. mars 1974 farmskírteini í tveimur frumritum á svonefndu Conline-eyðublaði fyrir 1000 kössum af grásleppuhrognum, sem hann tók við af áfrýjanda til flutnings með m/s Rangá. Farmskírteinið var stílað „to order of order“, en tekið fram, að um komu vörunnar ætti að tilkynna P. Ammendola, 20064 Gorgonzola, Via Roma 16 í Milano. Affermingarstaður (port of discharge) var greindur að vera „Antwerpen/Milano“. Samkvæmt ástimplun á farmskírteinið var farmgjald greitt fyrirfram. Enn fremur var eftirfarandi vélritað á skírteinið, sem „particulars furnished by the Merchant“: „To be forwarded from Antwerpen to Milano at shippers risk and expenses“. Áfrýjandi framseldi annað frumrit farmskírteinisins eyðuframsali og sendi það án nánari fyrirmæla til Sasse & Co í Antwerpen. Er ágreiningslaust, að það fyrirtæki átti að annast flutning vörunnar til Milano og að þetta farmskírteiniseintak hafi átt að fylgja henni. Hitt eintakið afhenti áfrýjandi stefnda Landsbanka Íslands ásamt vöruheikningi og öðrum skjölum, til þess að bankinn annaðist með atbeina viðskiptabanka sins

innheimtu andvirðis vörunnar hjá P. Ammendola, sem áður er nefndur.

Staðurinn, þar sem vörunni skyldi skilað samkvæmt farm-skírteini því, er stefndi Hafskip h/f gaf út, er að vísu eigi skilmerkilega greindur í farmskírteininu. Þó þykir verða að líta svo á, að hann hafi verið Milano. Til þess bendir m. a. það, sem greint er í skírteininu um heimilisfang þess aðilja, sem flytjandi átti að tilkynna um komu vörunnar. Áfrýjandi hefur ekki sannað þá staðhæfingu sína, að vegna flutnings vörunnar frá Antwerpen til Milano hafi þurft að fylgja henni frumrit farmskírteinis þess, er stefndi Hafskip h/f gaf út. Sker telexskeyti frá Sasse & Co til áfrýjanda 31. janúar 1974 ekki úr um þetta. En hvað sem því líður, átti áfrýjanda að vera í lófa lagið að láta gera farmskírteinið þannig úr garði, að tryggt væri, að P. Ammendola gæti ekki fengið vöruna í hendur samkvæmt umræddu farmskírteiniseintaki. Af framangreindum ástæðum og með sérstakri hliðsjón af því, að um var að ræða vöru, sem ástæða var til að ætla, að þyldi illa geymslu, þykir mega fallast á, að Sasse & Co hafi mátt líta svo á, að farmskírteiniseintak það, sem fyrirtækið fékk í hendur með vörunni, útgefið og framselt með þeim hætti, sem lýst var, ætti að fá P. Ammendola í hendur í Milano svo og vöruna samkvæmt skírteininu. Verða kröfur áfrýjanda á hendur stefnda Hafskip h/f vegna þess, að varan hafi verið ranglega afhent P. Ammendola í Milano, því eigi til greina teknar. Þarf þá eigi að athuga sérstaklega, hvernig háttað hefði verið ábyrgð stefnda Hafskip h/f gagnvart áfrýjanda á mistökum Sasse & Co við afhendingu vörunnar í Milano, ef slíkum mistökum hefði verið til að dreifa. Verður héraðsdómurinn því staðfestur að niðurstöðu til að því er þennan stefnda varðar, en rétt er, að áfrýjandi greiði honum 350.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að því er varðar stefnda Landsbanka Íslands, en dæma ber áfrýjanda til að greiða honum 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eðlilegast var, að áfrýjandi sækti stefndu eigi í einu og

sama máli til heimtu skaðabóta þeirra, er hann krefur sér til handa.

Enn fremur athugast, að í þinghöldum 15., 17. og 26. mars og 9. apríl 1976, er ýmsir starfsmenn og fyrirsvarsmenn málsaðilja komu fyrir dóm, skipaði dómsformaðurinn einn dóm, án þess að séð verði, að nein þau atvik, sem um getur í 205. gr. laga nr. 85/1936, hafi réttlætt það, að meðdómendur voru ekki til kvaddir.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, greiði stefnda Hafskip h/f 350.000 krónur og stefnda Landsbanka Íslands 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 23. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. maí sl., hefur Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, Garðastræti 37, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 21. júlí 1975 og 28. júlí 1975, gegn Hafskip h/f, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, og bankastjórn Landsbanka Íslands f. h. bankans til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð \$ 11.450.00 með 9% ársvöxtum frá 14. apríl 1974 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu Hafskips h/f hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að félagið verði algerlega sýknað af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða félaginu hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Af hálfu Landsbanka Íslands hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að bankinn verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir hafa reynst árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að Hafskip h/f tók að sér að flytja 5000 kg. af lagmeti, kavíar, fyrir stefnanda til Milano á Ítalíu, með umhleðslu í Antwerpen í Belgíu, með skipi félagsins m/s Rangá. Við-

takandi vörunnar í Milano var P. Ammendola, 20064 Gorgonzola, Via Roma 16. Farmskírteinið var gefið út fyrir þessari vöru af hálfu Hafskips h/f 28. mars 1974 (ljósrit af þessu farmskírteini er á dskj. nr. 4, en frumritið sjálft er á dskj. nr. 28). Á farmskírteini þetta hefur verið ritað, að framhaldsflutningur frá Antwerpen til Milano sé á áhættu og kostnað farmsendanda, þ. e. stefnanda. Í prentuðum texta á framhlið farmskírteinisins segir, að vörunnar eigi aðeins að afhendast gegn framvísun eins eintaks af frumfarmskírteini með réttum framsölum. Samkvæmt áritun á bakhlið farmskírteinisins hefur stefnandi framselt það eyðuframsali. Þá hefur Sasse & Co, en það er umboðsaðili Hafskips h/f, einnig framselt skírteinið eyðuframsali. Sasse & Co, Meir 24 - 2000 Antwerpen, er umboðsaðili Hafskips h/f, og sá það fyrirtæki um flutning vörunnar frá Antwerpen til Milano. Stefnandi gaf út tvö frumfarmskírteini. Hann afhenti annað eintakið Landsbanka Íslands ásamt öðrum innheimtuskjölum með þeim fyrirætlum, að skjölin skyldu afhent viðtakanda, kaupandanum P. Ammendola, gegn greiðslu á \$ 11.450.00. Hitt eintak frumfarmskírteinisins fylgdi vörunni. Það mun vera það eintak, sem liggur frammi í málinu á dskj. nr. 28. Þegar Sasse & Co höfðu flutt vöruna til Milano, afhentu þeir viðtakanda hennar, P. Ammendola, vöruna þann 5. maí 1974 (sbr. bréf stefnanda 24. febr. 1975 til Hafskips h/f, dskj. nr. 10), án þess að hann greiddi hana og framvísaði frumfarmskírteini, nema þá því, sem fylgdi vörunni. Stefnandi heldur því fram, að Sasse & Co hafi með áritun sinni á farmskírteinið framselt það P. Ammendola. Stefnandi heldur því fram, að frumeintak farmskírteinis hafi verið sent með vörunni eftir fyrirmælum Hafskips h/f eða Sasse & Co. Hann vitnar í því sambandi til telexskeytis, sem móttekið er af Sölustofnun lagmetisiðnaðarins þann 31. janúar 1974. Telexskeytið varðar flutninga á þessari leið, og þar segir: „In order to arrange prompt reforwarding all shipments should be advised by telex immediately after sailing from Iceland. Bills of lading, cargo specifications and copy-invoices also to be sent to us immediately after sailing.“. Í svarbréfi Sasse & Co, dags. 7. mars 1975, til Hafskips h/f vegna máls þessa segir:

„We checked our file regarding this question and can give you the following comments:

- We never received instructions that the goods had to be delivered against payment.

- We even received on 23.4. your telex nr. 2290 asking us to forward *soonest* the goods to Italy.
- As you know, goods may be delivered against 1 original B/L and we therefore do not understand why Messrs. Icelandic Waters Corporation forwarded one original B/L by ship's bag when their decision was to negotiate B's/L against payment.
- The original B/L we received was endorsed by Messrs. Icelandic Waters Corporation and for good order's sake, we send you herewith photostatic copy of this B/L." Frumritið á dskj. nr. 28 mun einnig frá þeim komið.

Landsbanki Íslands sendi viðskiptabanka sínum, Credito Italiano í Milano, skjölin til innheimtu hjá kaupandanum, P. Ammendola, en stefnandi hafði þann 9. apríl 1974 falið bankanum þessa innheimtu. Meðal skjala þeirra, sem bankanum voru afhent, var frumfarmskírteini, útgefið af Hafskip h/f, um flutning vörunnar með m/s Rangá frá Reykjavík til Milano. Samkvæmt fyrirmælum stefnanda skyldi kaupanda afhent skjölin gegn greiðslu. Þann 27. maí 1974 ritaði stefnandi Landsbanka Íslands bréf, þar sem þess var óskað, að innheimtubanki Landsbankans í Milano afhenti kaupanda frumrit flutningsskírteinis (Certificate of Movement A.I.S. 1) án greiðslu reiknings. Telur stefnandi kaupanda hafa þurft á skírteini þessu að halda vegna endurgreiðslu á tollum. Fyrir mistök Landsbanka Íslands gaf bankinn Credito Italiano fyrirmæli um að afhenda frumfarmskírteini án greiðslu reiknings. Landsbankinn hefur viðurkennt þessi mistök. Telur bankinn, að þessi mistök leiði ekki til bótaskyldu, og vísar í því sambandi til bréfs frá Credito Italiano til Landsbankans frá 31. janúar 1975 (dskj. nr. 9). Í bréfi þessu kemur fram, að ítalski bankinn hafi þann 5. júlí 1974 afhent frumfarmskírteini skv. fyrirmælum Landsbanka Íslands. Landsbankinn hefur ekki getað útvegað stefnanda þetta eintak frumfarmskírteinis. Þann 4. júní 1974 ritar Landsbanki Íslands stefnanda bréf og óskar fyrirmæla vegna beiðni frá Milano þess efnis, að afhenda megi innheimtuskjölin án greiðslu. Stefnandi kveðst hafa hafnað þessu. Í byrjun desember 1974 endursendir bankinn stefnanda innheimtuskjölin, og vantar þá í þau auk flutningsskírteinis þess, sem að ofan getur, sjálft frumfarmskírteinið.

Stefnandi heldur því fram, að mistök þessara tveggja aðilja, Hafsups h/f og Landsbanka Íslands, hafi leitt til þess, að kaup-

andinn, P. Ammendola, hafi fengið í hendur heimildarlaust og án greiðslu bæði eintök frumfarmskírteinis og sé því óhjákvæmilegt að krefja þessa aðilja báða, sem afhent hafi þessi eintök frumfarmskírteinis heimildarlaust, um skaðabætur, en þær nemi reikningsfjárhæðinni, \$ 11.450.00. Nánar er því haldið fram af hálfu stefnanda, að það komi fram á farmskírteininu, sem sé gildur samningur milli stefnanda og Hafskips h/f um flutning vörunnar, að ekki megi afhenda hana öðrum en þeim, sem afhendir eitt eintak af farmskírteini með réttum framsölum. Umboðsaðili Hafskips h/f, Sasse & Co í Antwerpen, hafi afhent P. Ammendola vöruna heimildarlaust og án þess að hann sýndi nokkur heimildarskjöl fyrir vörunni. Mistök Sasse & Co séu ekki einungis í því fólgin, að fyrirtækið hafi afhent vöruna án framvísunar heimildarskjala, heldur hafi Sasse & Co einnig framselt P. Ammendola eyðuframsali það eintak frumfarmskírteinisins, sem fylgdi vörunni. Á þessum mistökum umboðsaðilja síns beri Hafskip h/f fulla og ótakmarkaða ábyrgð samkvæmt almennum reglum og hafi ekki öðru verið haldið fram af hálfu Hafskips h/f. Þá mótmælir stefnandi því algerlega, að þessi mistök megi leiða af því, að annað eintak frumfarmskírteinisins hafi verið látið fylgja vörunni. Stefnandi kveðst vísa til þess, að það sé venjulegt, að frumfarmskírteini, ef fleiri eru en eitt, fylgi með vörunni. Hann mótmælir því algerlega, að þetta eigi að leiða til þess, að Hafskip h/f sé laust úr allri ábyrgð. Hann kveðst byggja kröfu sína á hendur Hafskip h/f á því, að fyrirtækið hafi tekist á hendur gegn greiðslu farmgjalds að flytja hina umræddu vöru frá Reykjavík til Milano og afhenda hana þar þeim einum, sem sannað gæti rétt sinn til vörunnar með frumfarmskírteini með réttum framsölum. Þessa skuldbindingu hafi félagið vanefnt með því að afhenda vöruna í Milano aðilja, sem ekki gat sannað rétt sinn til vörunnar með frumfarmskírteini. Á þeim tíma, er varan hafi verið afhent í Milano, hafi hitt eintak frumfarmskírteinis verið í höndum bankans. Það eintak hafi viðtakandi vörunnar ekki getað fengið í hendur án þess að greiða verð vörunnar að fullu. Bótaskyldan sé byggð á reglum um afhendingarábyrgð, sem sé í því fólgin, að farmflytjandi, sem afhendi vöru aðilja, sem ekki geti sannað rétt sinn til vörunnar með frumfarmskírteini með réttum framsölum, takist á hendur ábyrgð gagnvart farmsendanda. Þá leggur hann áherslu á, að fyrningarákvæði í 3. tl. 1. mgr. 233. gr. siglingalaganna eigi ekki við í skiptum aðilja.

Gagnvart Landsbanka Íslands er því haldið fram, að enda þótt viðskiptaaðili Landsbanka Íslands í Milano, Credito Italiano, hafi afhent eintak frumfarmskirteinis til kaupanda vörunnar síðar og eftir afhendingu vörunnar til kaupanda frá umboðsaðilja stefnda Hafskips h/f, breyti það engu um, að Landsbanki Íslands geti ekki staðið stefnanda skil á innheimtuskjölum og hafi neitað að greiða andvirðið. Þetta hafi leitt til þess, að viðtakandi vörunnar í Milano hafi í höndum eintak af frumfarmskirteini, sem hann hafi fengið afhent af umboðsbanka Landsbanka Íslands í Milano. Því er haldið fram, að mistök Landsbankans séu þess eðlis, að þau leiði til bótaskyldu bankans, enda eigi banki, sem taki á sig innheimtu slíka sem þessa, ekki nema tveggja kosta vól eftir að hafa tekið að sér slíkt verkefni, annað hvort að skila andvirði vöru eða öllum þeim skjölum, sem eru viðkomandi innheimtunni, nema bankinn hafi fengið ótvíræða heimild eða breytt fyrirmæli varðandi afhendingu skjals. Af ofangreindum ástæðum kveðst stefnandi gera þá kröfu, að báðir hinir stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda stefnufjárhæðina ásamt vöxtum og kostnaði in solidum, þar sem báðir hafi stuðlað að tjóni stefnanda. Sérstök athygli er á því vakin, að með afhendingu vörunnar í Milano hafi hún algerlega komist úr höndum og umsjá stefnanda og hann hafi ekki eftir það getað á nokkurn hátt fylgst með meðferð og geymslu vörunnar, en varan sé viðkvæm. Stefnandi hafi mátt treysta því, að með því að fara eftir reglum og venjum um útskipun vörunnar og innheimtu andvirðis, að ef kaupandi greiddi ekki vöruna samkvæmt skilmálum reikningsins og fyrirmælum bankans, þá gæti hann ráðstafað vörunni til annars eða annarra kaupenda á meginlandi Evrópu. Um leið og varan og heimildarskjölin komust í hendur viðtakanda, hafi stefnandi verið sviptur öllum umráðarétti yfir vörunni og möguleikar hans til að fá andvirðið greitt verið gerbreyttir.

Stefnandi heldur því fram, að tjónið sé jafnmikið og nemur reikningsfjárhæðinni. Við munnlegan flutning málsins hélt stefnandi því fram, að það skipti ekki máli, enda þótt kaupandi vörunnar væri tilbúinn að greiða ákveðið verð fyrir hluta hennar, þar sem hann hefði ekkert greitt. Telji stefndu tjón stefnanda minna en nemi reikningsfjárhæðinni, þá sé það þeirra að sanna slíkt.

Af hálfu stefnda Hafskips h/f er því haldið fram, að félagið hafi aðeins séð um flutning vörunnar til Antwerpen. Á þessari



málsástæðu var þó ekki byggt fyrr en við munnlegan flutning málsins. Þá er því haldið fram af hálfu skipafélagsins, að eins og fram komi af skjölum málsins, hafi það gefið út tvö jafnréttá eintök farmskírteinis fyrir vörunni. Þetta sé heimilt samkvæmt íslenskum lögum og sé því skipafélagi rétt og skylt að afhenda vöruna þeim, sem fyrr framvísar skírteininu. Stefnandi hafi sent annað eintak farmskírteinisins, framselt, með vörunni. Hver, sem hafði það eintak í höndum, hefði hvenær sem var getað krafist vörunnar sér til handa. Stefnandi hafi engin fyrirmæli gefið til Hafskips h/f um, að ekki mætti afhenda þetta eintak farmskírteinisins til vörumóttakanda eða að það skyldi einungis gert gegn greiðslu, enda sé það ekki verk stefnda Hafskips h/f að annast innheimtustarfsemi fyrir farmsendendur. Engin viðskiptaleg þörf hafi verið til þess að senda þetta frumeintak með vörunni, ef ekki var til þess ætlast, að varan yrði afhent út á það eintak. Hafi tilgangurinn ekki verið sá, hefði stefnandi átt að taka það skilmerkilega fram, að það eintak, sem vörunni fylgdi, hefði enga þýðingu og alls ekki þá þýðingu, sem slíku plaggi er ætlað að lögum. Þá hafi það jafnframt komið í ljós í för lögmanns Hafskips h/f til Milano, að kaupandi vörunnar hefði aldrei pantað hana, en hún hefði verið send, án þess að hann bæði um hana. Credito Italiano hefði skv. fyrirmælum seljanda afhent skjölin, enda þótt á þeim stæði C.A.D. Af þeim 1000 kössum, sem sendir voru, hafi 722 verið að lokum dæmdir ónýtir. Ammendola hefði sagst ekki hafa getað selt nema 278 kassa af þessari sendingu. Að vísu hefði hann getað selt meira á niðursettu verði og tilkynnt seljanda það og krafist svars innan 3ja daga, en svar hefði komið eftir 10 daga og þá hefði kaupandinn ekki haft áhuga. Fyrir þessa 278 kassa hefði Ammendola fengið lútur 3.231.831.00, sem þó væru ekki greiddar að fullu, þar sem selt hefði verið gegn gjaldfresti. Á móti þessu komi hins vegar kostnaður, sem hann hefði haft af þessari sendingu, sem nemi lúrum 1.569.305.00, aðallega tollur o. fl. Ammendola hafi sagst reiðubúinn til að greiða seljendum þá fjárhæð. Framanritað sýni, að það hafi verið ætlun stefnanda að afhenda vöruna án greiðslu.

Í öðru lagi er á það bent, að farmskírteini um vöru þessa sé gefið út 28. mars 1974. Stefna í málinu sé gefin út 2. júlí 1975, eða um það bil einu ári og þremur mánuðum eftir að varan kom á áfangastað. Því er haldið fram, að 233. gr. siglingalaganna eigi hér við og krafa stefnanda sé því fyrnd, en jafnvel þó svo sé

ekki, séu aðiljar bundnir af ákvæðum farmskírteinis um þetta efni. Farmskírteinið mæli svo fyrir, að Haagreglurnar skuli gilda um viðskipti þessi, en í 3. gr., 5. mgr. (sic), þeirra segi orðrétt: „In any event the carrier and ship shall be discharged from all liability in respect of loss or damage unless suit is brought within one year after delivery of the goods or the date when the goods should have been delivered“. Hafskip h/f heldur því fram, að þó ekki annað komi til, þá eigi þetta að leiða til sýknu félagsins.

Í þriðja lagi er af hálfu Hafskips h/f bent á 8. gr., 3. mgr., farmskírteinisins um sendingu þessa. Þar segir: „The merchant or his assign shall take delivery of the goods and continue to receive the goods as fast as the vessel can deliver and — but only if required by the carrier — also outside ordinary working hours notwithstanding any custom of the port. Otherwise the carrier shall be at liberty to discharge the goods and any discharge is to be deemed a true fulfillment of the contract.“ Þetta ákvæði farmskírteinis sé í fullu gildi milli aðilja.

Í fjórða lagi er á það bent, að staða félagsins mundi ef til vill vera önnur, hefði stefnandi í höndum frumrit farmskírteinisins og með handhöfn þess krefði félagið um afhendingu vörunnar, en því sé ekki til að dreifa. Stefnandi hafi fengið tvö eintök útgefin af farmskírteininu, en geti hvorugu framvísað. Hann sé því algerlega réttindalaus til varanna eða skaðabóta þeirra í stað.

Við munnlegan málflutning var af hálfu Hafskips h/f upphafstíma vaxtakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt og á það bent, að eftir dskj. nr. 10, sem er bréf stefnanda til stefnda Hafskips h/f, hafi varan verið afhent 5. maí 1974 og ætti því sá dagur að vera upphafstími vaxta, en ekki sem í stefnu greinir. Þá var því jafnframt haldið fram, að miða ætti við gengi bandaríkjadollars á afhendingardegi 5. maí 1974, en ekki við gengi dollars gagnvart íslenskri krónu í dag. Í þessu sambandi var vitnað til laga nr. 72/1966 (sic).

Stefnandi hefur sérstaklega mótmælt þessum málásátæðum sem of seint fram komnum.

Af hálfu stefnda Landsbanka Íslands er sérstaklega á það bent, að kaupandi hafi fengið vöruna strax afhenta án greiðslu þann 5. maí 1974 og hafi auk þess borið fyrir sig, að varan væri stórlega gölluð. Það sé hins vegar ekki fyrr en 27. maí s. á. sem stefnandi gefi Landsbankanum fyrimæli um, að hann láti banka sinn í Milano afhenda kaupanda „original“ flutningsskírteini A.I.S. 1

án greiðslu reiknings. Samkvæmt orðalagi fyrirmæla stefnanda megi segja, að þeir hafi átt hlut að því, að starfsmenn Landsbankans gerðu þau mistök að mæla svo fyrir, að kaupandi vörunnar gæti fengið frumfarmskírteinið í hendur. Sýknukrafa stefnda Landsbanka Íslands er á því byggð, að bankinn hafi ekki skapað sér bótaskyldu með framkomu sinni í máli þessu. Hann hafi ekki af ásetningi eða gáleysi orðið þess valdandi, að söluvara stefnanda komst í hendur kaupanda. Þar breyti engu um, hvaða skjöl voru afhent í byrjun júlí, þ. e. 2 mánuðum eftir að varan var afhent. Þrátt fyrir afhendingu Credito Italiano á frumfarmskírteini „original B/L“ þann 5. júlí 1975, sbr. dskj. nr. 9, þá skuldi kaupandi vörunnar væntanlega fyrir hana og muni hann ekki geta borið fyrir sig, að greiðsla hafi farið fram. Þetta hafi því ekki breytt nokkru um rétt stefnanda til greiðslu skuldarinnar hjá réttum skuldara. Þá er til þess vitnað, að sami háttur hafi verið á hafður með vörusendingu til sama aðilja á Ítalíu með m/s Selá þann 13. febrúar 1974. Þá hafi verið send 5 tn af kaviar. Skjöl, sem fylgdu þeirri sendingu, hafi verið útbúin af stefnanda á sama hátt og skjöl þau, sem fylgdu sendingunni, sem þetta dómsmál er risið af. Í það skiptið hafi varan einnig verið afhent kaupanda, án þess að fyrir vöruna væri greitt í banka og án þess að bankinn afhenti nokkurt frumfarmskírteini. Bæði í það skipti og hér hafi það dugað til að fá vöruna afhenta hjá farmflytjanda, að annað eintak frumfarmskírteinis var strax sent með vörunni.

Vegna þessarar vörusendingar með Selá 13. febrúar 1974 hefur stefnandi höfðað annað mál á hendur Hafskip h/f. Hins vegar er því máli ekki beint gegn Landsbanka Íslands.

Þá hefur af hálfu Landsbanka Íslands verið á það bent, að bréf stefnanda til Landsbankans á dskj. nr. 7, sem samið er af lögmanni stefnanda og undirritað af útflutningsstjóra stefnanda, Eyþór Ólafssyni, og annað bréf svipaðs efnis hafi verið afturkallað af skrifstofustjóra stefnanda, Gylfa Þór Magnússyni, með þeirri yfirlýsingu, að stefnandi teldi Landsbankann ekki bera ábyrgð á afhendingu vörunnar.

Það annað bréf, sem Landsbankinn vísar til, kemur fram á dskj. nr. 30. Þetta er bréf lögmanns stefnanda til bankastjórnar Landsbanka Íslands, dags. 9. apríl 1975. Á það hefur verið ritað 11. apríl 1975: „Bréfið dregið til baka vegna hugsanlegra óheppilegra viðbragða í viðkvæmum málum S.L. og bankans. Jónas Haralz

afhenti bréfið, en hafði áður rætt efni þess, m. a. við Hauk Heiðar. G. Þ. M.“ Gylfi Þór Magnússon, núverandi framkvæmdastjóri hjá Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, en áður skrifstofustjóri hjá því sama fyrirtæki, hefur komið fyrir dóm. Var hann þá spurður að því, hvort hann hefði fallið frá kröfum á hendur bankanum. Hann sagði það rangt og vísaði um það í samtál sitt og Hauks Heiðars. Hann viðurkenndi, að hann hefði skrifað nótuna á dskj. nr. 30.

Haukur Heiðar, forstöðumaður ábyrgðardeildar Landsbanka Íslands, hefur komið fyrir dóminn og var þá sýnt bréfið á dskj. nr. 30. Hann kvaðst ekki áður hafa séð athugasemdir þær, sem skrifaðar eru á bréfið, en sagði, að Landsbankinn hefði lagt áherslu á það við Gylfa, að hann tæki bréfið til baka. Það hefði verið skilningur þeirra, að krafan á hendur Landsbankanum yrði dregin til baka. Hann kvaðst hafa bent Gylfa Þ. Magnússyni á, að bréfið eða bréfin væru að mörgu leyti óeðlileg, þar sem fyrir lægi, að sendingin hefði verið afhent út á annað farmskirteini. Þá hafi þarna ekki verið farið að alveg venjulega. Það sé fremur óvenjulegt, að innheimtubanki sendi ekki frumfarmskirteinin saman til innheimtu. Hann kvaðst hins vegar þekkja til þeirrar venju, að frumfarmskirteini væru látin fylgja vörunni. Það væri gert í vissum tilfellum til að tryggja framhaldsflutninga vöru og einnig ef um viðkvæma vöru væri að ræða. Þá væri það gert, til þess að hún stöðvaðist ekki.

Gylfi Þór Magnússon og Eysteinn Helgason, sem einnig er framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins, en var áður sölustjóri stofnunarinnar, hafa báðir haldið því fram hér fyrir dómi, að eingöngu hafi verið samið við Hafskip h/f um framhaldsflutning. Öll milliganga og frumkvæði varðandi framhaldsflutninginn hafi komið frá Hafskip og þeir hafi ekki samið beint við Sasse & Co í Antwerpen varðandi hann.

Eysteinn Halgason skýrði svo frá, að árið 1974 hefðu farið tvær sendingar til P. Ammendola, en nokkrar sendingar hefðu farið til hans haustið 1973. Hann sagði þá sendingu, sem hér er rætt um, hafa verið selda C.A.D., þ. e. „Cash against documents“. Hann skýrði svo frá, að hann hefði hitt P. Ammendola í París í nóvember 1974 og hann og þáverandi framkvæmdastjóri Sölustofnunarinnar hefðu rætt málið við Ammendola og lagt megináherslu á, að uppgjör fyrir báðar sendingarnar 1974 þyrftu að koma sem fyrst. Þeir hafi lagt áherslu á, að um frekari viðskipti gæti ekki verið

að ræða, nema frá þessu yrði gengið. Rætt hefði verið fyrst og fremst um þær reikningsupphæðir, sem þá voru útistandandi fyrir þessar tvær vörusendingar, og síðan hafi þeir viðurkennt skuld þeirra varðandi þátttöku Ammendola í vörusýningunni í Milano í apríl 1974 og hefðu boðist til að greiða hana strax og frumreikningar hefðu verið lagðir fram yfir alla kostnaðarpætti. Hann sagði, að þeir hefðu ekki greitt þetta. Þeim hefði aðeins borist ljósrít yfir hluta þessara reikninga. Hann sagði, að það væri um 950.000.00 lírur, sem þeir ættu að greiða, en frá þeim ættu að dragast 70.000 lírur, sem hefðu verið hagnaður vegna vöru þeirra á sýningunni. Hann sagði, að þeir hefðu haldið því fram við Ammendola, að rétt væri að halda öllum þessum málum aðskildum, þannig að hann sendi þeim tékka fyrir umræddum tveimur vörusendingum, en þeir sendu aftur tékka á móti vegna þessa kostnaðar.

Eypór Ólafsson, innkaupastjóri hjá Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa séð um skjöl varðandi hér umrædda sölu til P. Ammendola. Hann sagði, að samkvæmt ósk Sasse & Co hefði eintak frumfarmskírteinis verið látið fylgja vörunni, en ábending um það hefði komið frá Hafskip h/f. Ábendingin frá Hafskip h/f hefði verið þess efnis, að þetta væri nauðsynlegt, til þess að flutningsaðilinn Sasse & Co hefði heimild til að flytja vöruna til Ítalíu.

Guðmundur Ásgeirsson, fyrrverandi yfirmaður flutningadeildar Hafskips h/f, hefur komið fyrir dóm. Hann var að því spurður, hvort Sasse & Co hefðu getað fengið vöruna út í Antwerpen án þess að framvísa frumfarmskírteini. Hann kvaðst ekki þora að fullyrða um það, en kvaðst jafnvel halda, að þeir þyrftu þess. Hann sagði, að um þessa flutninga hefði komist á beint samband milli Sasse & Co og Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins að einhverju leyti, en þar sem Sasse & Co var umboðsmaður Hafskips h/f, þá hefði Hafskip h/f flækst inn í málið. Hann sagði þá hjá Hafskip h/f líta svo á, að um sérsamning hefði verið að ræða milli Sasse & Co og Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins um, hvernig ætti að koma vörunni áfram til Ítalíu, en þar sem þeir hefðu haft samgang við Sasse & Co undanfarin 10 ár, hefði ekki verið óeðlilegt, að mikið af fyrirspurnum og öðru slíku færi í gegnum Hafskip h/f. Hann benti í því sambandi á, að á farmskírteinum stæði „To be forwarded from Antwerpen to Milano at shippers risk

and expences“. Þetta sé hrein staðfesting á því, að varan sé að fara á vegum Hafskips h/f til Antwerpen og síðan áfram til Milano eftir samningum, sem þeir allir þrír hafi vitað um.

Álit dómsins.

Rétt þykir að taka afstöðu til þáttar hvors stefndu fyrir sig.

Fram hefur verið lagt farmskírteini, útgefið af stefnda Hafskip h/f 28. mars 1974. Aðiljar eru sammála um, að flutt hafi verið samkvæmt skilmálum þessa skírteinis.

Í framangreint farmskírteini eru ritaðir skilmálar þeir, sem gilda áttu um flutninginn. Í 2. gr. þeirra segir, að „Haag-reglurnar“, sem „the International Convention for Unification of certain rules relating to Bill of Lading, dated Brussels the 25th August 1924“ hafa að geyma, skuli gilda um samning þennan, eins og þær eru lögfestar, í því landi þaðan sem farmur er sendur, en ella, ef slík ákvæði séu eigi í gildi í því landi, þá samkvæmt samsvarandi reglum í landi því, þangað sem hann er sendur, en sé um farm að ræða, sem engin slík lagaákvæði eiga ótvírætt við, þá skuli reglurnar gilda um hann engu að síður.

„Haag-reglurnar“ hafa ekki verið lögfestar hér á landi.

Hins vegar hefur um áraraðir verið til þeirra vitnað í farmskírteinum skipafélaga hér, farið eftir þeim, og telja verður þær svo kunnar í viðskiptum farmsendenda og farmflytjenda, að nægjanlegt sé að vísa til þeirra í samningum þeirra á milli, svo sem hér er gert. Rétt þykir því að leggja þær til grundvallar dómi í máli þessu.

Í 3. kafla, 6. gr., 4. lið, „Haag-reglnanna“ segir, að farmflytjandi skuli í öllu falli vera laus úr allri ábyrgð út af því, að farmur spillist eða glatist, hafi mál eigi verið höfðað gegn honum þess vegna innan árs frá afhendingu vöru eða frá þeim degi, er hún skyldi vera afhent. Í 3. tl. 1. mgr. 233. gr. íslensku siglingalaganna nr. 66/1963 er samsvarandi ákvæði.

Með viðbótarbókun í Brussel 23. febrúar 1968 var lagt til, að orðalagi þessa ákvæðis yrði breytt þannig, að það tæki skýrlega til allra atriða varðandi farm, eða eins og segir í texta bókunnarinnar: „Subject to paragraph 6bis the carrier and the ship shall in any event be discharged from all liability whatsoever in respect of the goods, . . .“. Á Norðurlöndum hefur siglingalögum verið breytt til samræmis við þessa breytingu, í Noregi 1973 og í Danmörku 1974, meðan ákvæði 3. töluliðar 1. mgr. 233. gr. ís-

lensku siglingalaganna nr. 66/1963 er enn í samræmi við eldri texta.

Siglingalögin hafa samkvæmt orðalagi sínu ekki að geyma reglur um afhendingarábyrgð farmflytjanda, heldur er sú ábyrgð talin byggjast á almennum reglum með stoð í 95. gr. siglingalaganna. Þannig verður 3. tl. 1. mgr. 233. gr. siglingalaganna ekki talinn taka ótvírætt til fyrningar afhendingarábyrgðar. Það sama þykir eiga við um 3. kafla, 6. gr., 4. lið, „Haag-reglnanna“, eins og þær koma fram í textanum frá 1924, en til þess texta er vitnað í farmskírteininu.

Hins vegar þykir eðli málsins samkvæmt rétt að jafna hér greindu tilviki til reglna 3. kafla, 6. gr., 4. liðar, „Haag-reglnanna“, sbr. 3. tl. 1. mgr. 233. gr. siglingalaganna, enda verður að teljast óeðlilegt, að aðrar reglur gildi um fyrningu afhendingarábyrgðar en ábyrgðar fyrir skemmdan farm og glataðan. Þá er í hér umræddu tilviki sérstök viðskiptaleg þörf á því, að strax sé frá því greint, hvort farmsendandi hyggst hafa uppi kröfur vegna afhendingar farmsins.

Samkvæmt gögnum málsins afhenti Sasse & Co vöruna þann 5. maí 1974, er sú dagsetning höfð eftir Credito Italiano, en sá banki afhenti eintak frumfarmskírteinis þann 5. júlí 1974. Stefnandi byggir málátílbúnað sinn á því, að þá hafi umboðsaðili Hafskips h/f, Sasse & Co, þegar afhent vöruna. Við munnlegan flutning voru þessar upplýsingar um afhendingartíma vörunnar vefengdar, enda þótt stefnandi hefði í sóknargögnum byggt á þeirri dagsetningu, sbr. dómsskj. 10. Vefengingar á slíkum grundvallartímasetningum, sem hér um ræðir, verða með tilliti til gagnaðflunar að koma fram þegar í upphafi máls, til þess að tillit verði til þeirra tekið. Þetta skiptir þó ekki máli, þar sem síðari dagsetningin hefur ekki sætt andmælum. Lögmaður Hafskips h/f áritar stefnu til staðfestingar birtingu þann 28. júlí 1975, og málið er þingfest þann 5. september 1975. Mál er þannig ekki höfðað í skilningi 103. gr. laga nr. 85/1936 fyrr en að liðnum fyrningarfresti samkvæmt framansögðu. Þegar af þessari ástæðu ber að sýkna stefnda Hafskip h/f af kröfum stefnanda.

Landsbanki Íslands hefur viðurkennt, að vegna mistaka þeirra hafi eitt frumfarmskírteini komist í hendur vörumóttakanda, án þess að greitt væri fyrir vöruna. Sóknargögn eru við það miðuð, að þetta hafi gerst eftir að varan var afhent, og verður því ekki

séð, að samband hafi verið milli þessara mistaka Landsbankans og þess, að varan var afhent án greiðslu. Landsbankinn hafði ekki tekið á sig ábyrgð á greiðslu kaupanda, og aðrar reglur leiða ekki til ábyrgðar bankans, og ber því að sýkna bankann af kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóhanni J. Ólafssyni framkvæmdastjóra og Jakob Sigurðssyni framkvæmdastjóra.

#### Dómsorð:

Stefndu, Hafskip h/f og Landsbanki Íslands, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 20. október 1978.

**Nr. 197/1976. Sölustofnun lagmetisiðnaðarins**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**Hafskip h/f**

(Valgarð Briem hrl.).

Farmflutningar. Farmskirteini.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 9.300 bandaríkjadollara eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum ásamt 9% ársvöxtum frá 30. apríl 1974 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.